

# Ástarsaga um leiðtogafundinn



Steinunn Ásmundsdóttir var tvítug og búsett í Reykjavík þegar leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjevs átti sér stað.

Fréttablaðið/Anton Brink

Þorvaldur S. Helgason  
tsh@frettabladid.is  
Fimmtudagur 17. nóvember 2022

Steinunn Ásmundsdóttir hefur sent frá sér nýja skáldsögu sem ber heitið Ástarsaga. Bókin fjallar um unga Reykjavíkurstúlku og franskan fréttaljósmyndara sem kynnast og verða ástfangin í aðdraganda fundar Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhaíls Gorbatsjev, leiðtoga Sovétríkjanna, í Höfða haustið 1986.

Steinunn segir innblásturinn að sögunni hafa komið frá fregnum um vaxandi stirðleika á milli Vesturveldanna og Rússlands og áhuga hennar á kalda stríðinu en hún var sjálf tvítug og búsett í Reykjavík þegar leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjevs átti sér stað.

„Umstangið við hann fór ekki fram hjá neinum. Það var gríðarlegt og á sinn hátt þrekvirki. Stjórnvöld höfðu tíu daga til að undirbúa borgina fyrir komu Reagans og Gorbatsjev sem ætluðu fund sinn sem undirbúning fyrir eiginlegar afvopnunarviðræður árið eftir. Allt í einu höfðu 800 milljónir manna augu á sjónvarpsútsendingum frá Íslandi og hér voru næstum þúsund fjölmiðlamenn alls staðar að úr heiminum, auk fjölmenns fylgdarliðs leiðtoganna. Að ógleymdri Raisu Gorbachevu sem allir elskuðu.

Borgin fór hliðina, eins og nærri má geta, grámygla daganna vék um stund og þjóðin tjaldaði öllu til sem hún átti best. Sumt af þessu var hryllilega fyndið svona eftir á að hyggja. Ég skemmti mér við að draga það fram í Ástarsögu. Svo gerðust þarna ýmis ævintýr í öllu havariinu,“ segir Steinunn.


Hún bætir því við að þarna í október 1986 hafi hún og margt fólk af hennar kynslóð fengið gleggri sýn á heimsmálin.

„Heimurinn stækkaði til muna, óralangt út fyrir íslenskan raunveruleika og líf manns sjálfs minnkaði kannski að sama skapi sem því nam, sem af spruttu ýmsar tilvistarspurningar. Þetta umstang allt og brambolt hafði því mikil persónuleg áhrif á mig og mína kreðsu. Ástarsaga er byggð á grunni þessa alls og skáldskapurinn látinn fylla í eyðurnar, eins og vera ber.“

Ástarsaga er gefin út á rafbók og hljóðbók og er aðgengileg á [vefsíðu höfundarins Yrkir.is](http://vefsíðu höfundarins Yrkir.is).

*Bókin kemur út á hljóð- og rafbók, finnurðu fyrir auknum áhuga lesenda á hljóðbókum?*

„Það er nú svo merkilegt að þrátt fyrir að mjög hækkandi prentkostnaður hafi komið í veg fyrir að bókin yrði prentuð, að svo stöddu í það minnsta, þá hefur hljóðbókin, sem ég las sjálf inn í stúdíói, selst og dreifst miklu hraðar en prentuð bók hefði nokkurn tímann gert. Rafbókin hefur einnig gengið vel út og þeir sem geta ekki nýtt sér þessi tvo form sögunnar hafa getað fengið hana sem umbrotið pdf-skjal. Hljóðbókin er æ sterkari miðill, ég tala nú ekki um ef höfundur stígur sjálfur þar á stökk með sitt skáldverk sem er auðvitað persónulegra fyrir vikið. Því hefur þessi rafræna útgáfuleið gefist vel, ekki síður en ef um prentaða bók væri að ræða.“



Ástarsaga er gefin út bæði á hljóðbók og rafbók.

Mynd/Aðsend

[Bókmenntir](#)

[Höfði](#)